

Vinnuhópur um stefnumótun þjónustu við fólk með fötlun 3. fundur 6. október 2014

Mættir: Haukur Valsson, Kristín Erla Guðmundsdóttir, Hafdís Þórðardóttir (fulltrúi starfsmanna), Eva María Jóelsdóttir (fulltrúi foreldra) og Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

1. Rætt um atvinnumál. Húsnæðismál; staðsetning og skipulag vinnustaðar m.t.t. aðstöðu. Rætt um hugsanlega samnýtingu húsnæðis. Ákvörðun vinnuhóps mun liggja fyrir á næsta fundi. Unnið verður að málinu milli funda.
2. Rætt um tómstundamál.
 - Leitað hefur verið eftir upplýsingum frá UMSB og aðildarfélögum UMSB varðandi þátttöku einstaklinga með fötlun í starfinu, þeim stuðningsúrræðum sem hafa boðist og stefnu félaganna í þessum málum. Eitt svar hefur borist. Farið verður yfir upplýsingarnar á næsta fundi.
 - Rætt um hugsanlegt samstarf við Akurnesinga varðandi tómstundastarf. Rætt um möguleika á sumar- og/eða helgardvöl.
 - Kanna þarf möguleika á samstarfi við MB varðandi stuðning við börn og unglunga með fötlun.
 - Rætt um íþrótta- og tómstundastarf fyrir einstaklinga 16 ára og eldri.
 - Rætt um liðveislu sem stuðning við þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi.
3. Rætt um atvinnustefnu Borgarbyggðar í málefnum einstaklinga með fötlun. Nefndin mun leggja drög að atvinnustefnu á næsta fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:10